



Réttur barna til friðhelgi einkalífs

Í tilefni þrjátíu ára afmælis Barnasáttmálans, nú á árinu 2019, hafa Barnaheill, Unicef og umboðsmaður barna tekið höndum saman um að gera einstökum þáttum Barnasáttmálans skil með mánaðarlegum greinaskrifum. Við greinaskrifin er aðallega stuðst við almennar athugasemdir eða leiðbeiningar barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

Grein desembermánaðar fjallar um 16. grein Barnasáttmálans sem kveður á um rétt barna til friðhelgi einkalífs.

16. grein Barnasáttmálans hljóðar svo:

1. Eigi má láta barn sæta gerræðislegum eða ólögumætum afskiptum af einkalífi þess, fjölskyldu, heimili eða bréfum, né ólögumætri árás á sæmd þess eða mannorð.
2. Barn á rétt á vernd laganna fyrir slíkum afskiptum og árásum.

Enn sem komið er hefur barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna ekki gefið út almennar athugasemdir um friðhelgi einkalífs barna. Því verður í þessari grein minna stuðst við hinar almennu athugasemdir barnaréttarnefndarinnar en frekar lögð áhersla á að skoða 16. greinina í samhengi við íslenskan veruleika.

Allir eiga rétt á friðhelgi einkalífs, þar með talin börn. Sá réttur grundvallast á 71. gr. stjórnarskrárinnar og mannréttindasamningum, eins og Barnasáttmálanum. Friðhelgi einkalífs hefur verið skilgreint þannig að í því felist réttur manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Einnig er talið í hugtakinu felist réttur til trúnaðarsamskipta, tilfinningalífs og tilfinningasambanda. Friðhelgi einkalífs barna er eðli máls samkvæmt takmarkaðri en hinna fullorðnu vegna réttar barna til umönnunar og leiðsagnar frá foreldrum sínum. Um þær takmarkanir á rétti barna til friðhelgi einkalífs og rétt þeirra til verndar og leiðsagnar er fjallað t.a.m. í Barnalögum. Þar skarast tvönn réttindi sem eru bæði mjög mikilvæg börnum. Foreldrar hafa ákvörðunarrétt í lífi barna sinna þar sem þeim ber skylda til að annast börn sín og leiðbeina þeim, auk þess sem foreldrar hafa viðurkenndan rétt til að haga uppeldi barna sinna á þann hátt sem þau kjósa og eins og þau meta barni fyrir bestu. Þó er mikilvægt fyrir foreldra að vera meðvitaðir um aukin réttindi barna til að haga sjálf sínum persónulegu málum

eftir því sem þau eldast og þroskast og gefa börnum færi á að ráða sínum eigin málefnum í auknum mæli eftir því sem þau vaxa úr grasi.

Réttur barna til að tjá sig um öll mál sem þau varða, réttur þeirra til samráðs, er þannig nátengdur rétti þeirra til friðhelgi einkalífs. Börn hafa samráðsrétt um sín persónulegu málefni, þar með rétt til að tjá sig um allar ákvarðanir sem áhrif hafa eða geta haft á þeirra einkalíf. Dæmi um slíkt úr nútímanum, er að þau hafa rétt á að fá að tjá sig um það hvort um þau sé fjallað opinberlega eða á samfélagsmiðlum eða myndir af þeim birtar. Gera verður ráð fyrir að sá réttur eigi við um börn á öllum aldri en eftir því sem börn eru yngri og síður fær um að tjá vilja sinn, er brýnni þörf á að foreldrar hafi í huga áhrif þess á börn þeirra að þau birti myndir af þeim eða segi sögur af þeim á samfélagsmiðlum, og taki um það ákvarðanir sem þau meta börnum sínum fyrir bestu í víðu samhengi. Foreldrar ættu því að venja sig á að spyrja börnin sín um leyfi, eins snemma og barnið er farið að mynda sér skoðanir, áður en þau birta af þeim myndir eða segja af þeim sögur á samfélagsmiðlum eða í öðru samhengi sem telja má opinberan vettvang, og virða vilja barnsins ef það kys að segja nei, ég vil ekki láta birta af mér mynd á netinu.


Ákvæði 16. greinar Barnasáttmálans fjallar um skyldur ríkja til að tryggja að lög verndi börn fyrir gerræðislegum eða ólögmætum afskiptum af einkalífi þeirra, fjölskyldu, heimili eða bréfum, eða ólögmætri árás á sæmd þeirra eða mannorð.

Það þýðir að til þess að réttlæta eitthvað af ofangreindu, þ.e. afskipti af einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfum, (sem myndi í dag einnig ná til allra persónulegra samskipta á netinu eða í síma t.a.m.) þarf að liggja til grundvallar skýr lagaheimild. Margar lagaheimildir hafa verið settar sem veita yfirvöldum vald til að hafa afskipti af einkalífi barna og fjölskyldna þeirra. Má nefna ákvæði barnaverndarlaga, sakamálagaga, almennra hegningarlaga og fleiri laga.

Í fjölmiðlalögum er kveðið á um skyldu fjölmiðla til að virða mannréttindi og jafnrétti, og einnig friðhelgi einkalífs, nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Að gefnu tilefni gáfu Barnaheill, Unicef og Umboðsmaður barna, ásamt Fjölmiðlanefnd, SAFT og Heimili og skóla út Almenn viðmið um opinbera umfjöllun um börn. Þeim er meðal annars ætlað að styðja fjölmiðla í að þjóna almannahlutverki sínu, án þess að skerða réttindi barna, tryggja vandaða og uppbyggilega umfjöllun um málefni barna í fjölmiðlum, ásamt því að stuðla að þátttöku barna í samfélagsumræðu. Viðmiðin er að finna á heimasíðum allra aðstandenda, m.a. hér https://www.barnaheill.is/static/files/Forvarnir-og-fraedsla/Annad_fraedslufni/Vidmid-opinber-umfj.

Heilmikið hefur verið rætt um það á undanförunum mánuðum og árum hvernig farið er með viðkvæmar persónuupplýsingar sem varða börn í dómum sem birtir hafa verið á vefjum dómstólanna. Misbrestur hefur verið á að afmá viðkvæmar persónuupplýsingar um börn áður en dómar eru birtir eins og lög segja fyrir um að þurfi að gera. Samkvæmt nýjum reglum Dómstólasýslunnar um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu dómstólanna hefur verið brugðist við þeim vanda og kveður þar nú á um að ekki skuli birta dómsúrlausnir sem varða mál samkvæmt barnaverndarlögum eða barnalögum.

Að síðustu má geta þess að aðstandendur hinna almennu viðmiða um opinbera umfjöllun um börn gáfu einnig út viðmið fyrir foreldra og aðstandendur barna í tengslum við umfjöllun um börn á samfélagsmiðlum. Viðmiðin byggja m.a. á ákvæðum Barnasáttmálans. Rétt er að birta þau í fullri lengd hér.



Viðmið vegna umfjöllunar um börn á samfélagsmiðlum

Viðmiðin eru hugsuð sem heilræði fyrir foreldra og aðra aðstandendur barna, vegna umfjöllunar um börn á samfélagsmiðlum. Í þeim er fjallað um sjónarmið sem gott er að hafa í huga þegar myndum og öðrum persónuupplýsingum um börn er deilt á samfélagsmiðlum.

Foreldrar og aðrir aðstandendur barna eru sérstaklega hvattir til að hugsa sig um áður en færslum um börn er deilt á samfélagsmiðlum, með friðhelgi barnsins að leiðarljósi. Viðmiðin byggja á grunngildum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna.

FRÍÐHELGI

Öll börn eiga rétt á friðhelgi einkalífs, samkvæmt Barnasáttmálanum og stjórnarskrá Íslands, rétt eins og fullorðnir - bæði innan heimilis og utan. Börn eiga rétt á að njóta friðhelgi um lífshætti sína og einkahagi. Það sama gildir um tilfinningalíf barna, tilfinningasambönd þeirra og trúnaðarsamskipti.

SAMÞYKKI

Mikilvægt er að fá samþykki hjá börnum áður en talað er um þau á samfélagsmiðlum eða birtar af þeim myndir, að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska. Hafa þarf í huga að börn kunna að hafa skoðun á umfjöllun um þau eða myndbirtingum af þeim, þrátt fyrir að vera ung að aldri og að taka ber tillit til skoðana þeirra.

ÁBYRGÐ

Foreldrar, forsjáraðilar og aðrir sem annast börn bera ábyrgð á velferð þeirra og eiga að vera meðvitaðir um mannréttindi barna. Allt sem birt er á netinu má finna síðar og getur haft áhrif á líf barnsins með ýmsum hætti. Er því mikilvægt að setja sig í spor barnsins og hugsa um hvaða áhrif myndir eða umfjallanir geta haft á barnið síðar.

ÖRYGGI

Hafa ber í huga að öryggi mynda á netinu verður aldrei fulltryggt. Sá möguleiki er alltaf fyrir hendi að myndum eða umfjöllun verði dreift, jafnvel af lokuðum síðum. Einnig er áriðandi að upplýsingar um staðsetningu og GPS-hnit fylgi ekki myndum sem deilt er af börnum á samfélagsmiðlum þannig að óviðkomandi aðilum verði ekki kunnugt um staðsetningu þeirra.

Í þessari síðustu mánaðarlegu grein um ákvæði Barnasáttmálans sem skrifaðar hafa verið í tilefni þrjátíu ára afmælis hans er rétt að hvetja alla landsmenn til að kynna sér vel alla fræðslu um mannréttindi barna og um skyldu okkar allra til að hlúa vel að börnum þessa heims. Þó nú sé tilefni til að fagna árunum 30 og árangri liðinna ára þá er einnig mikilvægt að vera meðvituð um að enn er langt í land og langur vegur frá því að öll börn njóti fullra mannréttinda. En þrátt fyrir það er gott að vera ánægð með það sem hefur áunnist.

Til hamingju kæra þjóð, og sérstaklega allir krakkar, með afmæli Barnasáttmálans og með þá miklu þróun sem átt hefur sér stað á þeim tíma í réttindum barna frá því hann var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989.

Barnvænn heimur er betri heimur.